

**Nr. 036 / 12 Krummi BA 94****Sekkur norður af Bjargtöngum**

Skipaskr.nr. 6668  
 Smíðaður: Akureyri 1985, plast  
 Stærð: 3,3 brl. 2,7 bt.  
 Mesta lengd: 6,36 m Skráð lengd: 6,26 m  
 Breidd: 2,25 m Dýpt: 1,22 m  
 Vél: Vetus 38 kW 1985  
 Fjöldi skipverja: 1

**Gögn:**  
 Lögregluskýrslur  
 Gögn RNS



Krummi ©Jón Páll Ásgeirsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 1. maí 2012 var Krummi BA 94 á siglingu skammt norður af Bjargtöngum. Veður: SV 10 m/sek, þungur sjór og suður fall.

Krummi BA var á leið frá Grundarfirði til Patreksfjarðar. Klukkan 20:57 þegar báturinn var kominn norður fyrir Bjargtanga fékk hann undir sig straumhnút að aftan með þeim afleiðingum að hann lagðist á stjórnborðshliðina og sökk á stað, 65°30,59N og 24°31,99V. Skipverjinn komst upp á stefnið en nærstaddur bátur, Lóa BA 177, kom fljótlega til hans en þá sökk Krummi og skipverjinn fór í sjóinn. Tókst að ná honum um borð í Lóa BA sem sigldi með skipbrotsmann, til Patreksfjarðar, kaldann og rifbeinsbrotinn.



Björgunarskip fór frá Patreksfirði og tók björgunarbátinn sem skotist hafði upp og blásið út á eðlilegan hátt.

**Við rannsókn kom fram:**

- að samkvæmt ferilskráningu yfir siglingu bátsins var stefnu breytt norður fyrir Bjartanga kl. 20:48 í meðalstefnu NA1/2N;
- að skipstjóri sagðist hafa fundið að alda reið undir bátinn bakborðsmegin að aftan og lyft skutnum upp. Áður en hann náði að snúa sér við til að sjá hvað verða vildi féll hann niður á stjórnborðið þegar báturinn lagðist á stjórnborðssíðu svo stýrishúsið fór strax á kaf;
- að skipstjóri Lóu BA sagðist hafa verið um það bil 100 til 150 metrum á undan Krumma BA og fylgst með honum. Það hafi verið hægviðri en miklir toppar í straumkvikunni af því það var harðasta suðurfall. Hann sagðist hafa siglt á um þriggja hnúta ferð og það hafi verið farið að draga í sundur með þeim. Allt í einu veitti hann því athygli að kvika kom undir bakborðsskut Krumma BA svo mikil að hún lyfti skutnum það hátt upp að hann sá bakborðsskuthornið bera yfir stýrishúsið en þá bar kviku á milli bátana. Þegar hann sá aftur til Krumma lá hann alveg á hliðinni með möstur í sjó. Hann sagðist hafa slegið sjálfstýringunni út, snúið stýrinu hart í borð og sett vélina á full og siglt að Krumma sem lá á hliðinni í um það bil þriggja alda fjarlægð. Þegar hann kom að bátnum sá hann skipbrotsmanninn koma upp undan stýrishúsinu en þá lagðist báturinn alveg á hvolf og sökk niður að aftan svo stefnið stóð bara upp úr;
- að stýrishúshurð Krumma BA er stjórnborðsmegin á stýrishúsinu og er hún tvískipt og var neðrihluti hennar lokaður. Skipstjórinn sagðist hafa stungið sér út um opna hluta hurðarinnar og kafað undir búnaðinn á stýrishúspakinu. Þegar hann hafi komið upp komst hann upp á stefnið sem þá stóð eitt upp úr sjó. Hann hafi svo stokkið yfir á Lóu BA og náð að grípa í handriðin á miðsíðunni en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir við að ná skipbrotsmanninum um borð hafðist það ekki. Skipstjóri Lóu batt hann við handriðið meðan verið var að taka til búnað til að ná honum aftur að neyðarstiganum á skutnum;
- að neyðarstiginn á skut Lóu BA er tvískiptur og nær neðri hluti hans 330 mm niður fyrir yfirborð sjávar. Neðri hluti stigans flökti svo mikið í öldugangnum að skipbrotsmaðurinn náði illa að koma fótunum í þrepin. Hann náði að lokum öðru hnénu upp í rim en ekki hinum fætinum og var dreginn þannig um borð við illan leik. Í „Norðurlandareglum“ V13 7. gr. segir: *„Hver bátur skal vera búinn föstum björgunarstiga sem er með neðsta þrep minnst 300 mm neðan við vatnslínu við eiginþyngd bátsins eða annan þann búnað sem gerir mögulegt fyrir mann sem fallið hefur í sjóinn að komast af eigin rammleik aftur um borð. Kaðalstigi sem leggja má saman skodast ekki sem fastur stigi.“* ;
- að mati skipstjóra Lóu BA hefði stiginn þurft að vera 200 mm lengri en reglur kveða á um og neðri hluti hans þurfi að læsast fastur niðri. Hann taldi að við þessar eða viðlíka aðstæður hefði skipverji ekki komist um borð án aðstoðar og sagðist hann hafa meiðst verulega og þurft að leita lækninga eftir átökin.

*Nefndarálit:*

Nefndin telur orsök þess að báturinn sökk hafi verið sú að hann þoldi ekki þann sjó sem reið undir bakborðsskuthornið og lagði hann á stjórnborðssíðuna. Sjór streymdi þá hindrunarlaust inn í afturrými bátsins sem þá hafði ekki möguleika á að rétta sig við aftur.

Nefndin bendir á að engin ákvæði eru um breidd björgunarstiga og líkur séu á að flestir stigar rúmi bara eitt hné. Þá er ekki tekið á því hvort björgunarstigi megi vera tvískiptur og ef svo er hvað þurfi að koma til svo neðri hluti hans sé ekki á sífelldri hreyfingu í öldugangi eins og reikna verður með að sé eðlilegt ástand við notkun.